

Bstj. 21. júní 2011

7. mál Orkuaðgerðaáætlun skv. loftslagssáttmála sveitarfélaga, sbr. 15. lið fundargerðar borgarráðs frá 26. maí og 3. lið fundargerðar borgarstjórnar frá 7. s.m.

Karl Sigurðsson: Virðulegi forseti, ágæta borgarstjórn. Reykjavíkurborg tók á síðasta ári áskorun Evrópusambandsins og er nú í hópi þeirra borga sem hafa skuldbundið sig til að vinna gegn loftslagsbreytingum í gegnum Loftslagssáttmála Evrópskra borga, eða Covenant of Mayors. Loftslagssáttmálinn varð til í kjölfar Loftslags- og orkupaþakka sambandsins árið 2008, eða EU Climate and Energy Package, og í dag hafa um 2.490 sveitarfélög undirritað sáttmálann en heildarfjöldi íbúa þessara sveitarfélaga eru um 126 milljónir.

Með undirritun sáttmálans lýsti Reykjavíkurborg því yfir að hún ætli að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um a.m.k. 20% til ársins 2020 miðað við árið 2007. Nú eru því einungis 9 ár til stefnu og mikilvægt að allir vinni saman að þessu markmiði. Um leið og Reykjavíkurborg sóttist eftir aðild að sáttmálanum lá fyrir að kortleggja þurfti orkunotkun og losun gróðurhúsalofttegunda innan borgarmarkanna til að fullgilda hann. Einnig að vinna þurfti orkuaðgerðaáætlun sem byggði á þeirri kortlagningu. Markmiðið með áætluninni er að sýna fram á hvernig borgin ætlar að draga úr losuninni til 2020. Þessi vinna liggur nú fyrir.

Þess ber að geta að þetta eru ekki fyrstu skref Reykjavíkurborgar í loftslagsmálum því árið 2009 samþykkti borgin fyrst sveitarfélaga á Íslandi stefnumótun í loftslagsmálum undir heitinu „Framtíðin liggur í loftinu.“ Í henni koma fram heildarmarkmið Reykjavíkurborgar um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 35% á sama tímabili. Í skýrslunni sem nú liggur fyrir er eingöngu litið til uppspretna sem falla undir sáttmálann og gert grein fyrir sjö megin aðgerðum borgarinnar í loftslagsmálum. Aðrar minni aðgerðir borgarinnar bætast við það hlutfall auk almennrar tækniþróunar og aðgerða ríkisvaldsins þannig að talið er að með þessu samanlögðu muni heildarmarkmið borgarinnar nást fyrir árið 2020.

Það er engin tilviljun að þegar kemur að loftslagsbreytingum þá sé áherslan á orkumál. Það er ljóst að undirstaðan að árangri í baráttunni snýst um orkuna sem við notum til að knýja samfélagið. Áherslan þarf að vera að koma í veg fyrir soun á orku og á að nýta okkur vistvæna innlenda orku en það dregur úr þörf á innfluttu jarðefnaeldsneyti, en áhrif af brennslu þesskonar orku á loftslag og loftgæði eru

Bstj. 21. júní 2011

öllum ljós. Því felur lágmörkun notkunar jarðefnaeldsneytis og útskipting þess fyrir aðra orkugjafa í sér fjölmörg tækifæri, bæði efnahagsleg og umhverfisleg.

Í kortlagningunni á orkunýtingunni kemur fram að notaðar voru rúmar 4,1 teravattstundir árið 2007. Stærsti hlutinn fór í hita- og rafmagnsnotkun bygginga, auk götulýsingar eða tæpar 3,2 teravattstundir sem eru tæp 77% af heildarorkunotkuninni. Öll þessi orka er upprunnin frá endurnýjanlegum auðlindum, sem telst ekki losa gróðurhúsalofttegundir. Samgöngur voru einungis um 23% af orkunotkuninni eða rúmar 0,9 terawattstundir. Losunarbókhaldið hins vegar inniber losun gróðurhúsalofttegunda fyrir samgöngur og meðhöndlun úrgangs og var losunin rúm 307 þúsund tonn ígilda koltvísýrings. Þar er langstærsti hlutinn upprunnin frá samgöngum, tæp 236 þúsund tonn koltvísýringsígildi, eða um 76% af heildarlosun gróðurhúsalofttegunda. Önnur losun var upprunnin frá urðun úrgangs.

Orkuáðgerðaáætlun Reykjavíkur gerir grein fyrir sjö áðgerðum til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda í Reykjavík. Ef til tekst er gert ráð fyrir að hver íbúi losi u.þ.b. 2,1 tonn koltvísýringsígilda árið 2020 í stað 2,6 tonna árið 2007. Losunin mun því dragast saman og fara úr rúmum 307 þúsund tonnum árið 2007 í tæp 267 þúsund tonn árið 2020. Alls er því samdrátturinn rúm 41 þúsund tonn eða um 0,6 tonn á hvern íbúa. Óbreytt þróun í losun gróðurhúsalofttegunda myndi hins vegar þýða losun rúmlega 404 þúsunda tonna koltvísýrings árið 2020 sem væri aukning upp á 97 þúsund tonn. Miðað við óbreytta þróun og fólksfjöldaspár til ársins 2020 hefði því losunin orðið 3,1 tonn á hvern íbúa en ef áðgerðir borgarinnar sem settar eru fram í orkuáðgerðaáætluninni ná fram að ganga mun draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um rúmt 1 tonn koltvísýringsígilda á hvern íbúa.

Áætlað er að áðgerðirnar sem farið verður í muni skila samdrætti á losun gróðurhúsalofttegunda um rúm 22%. Þær eru allar til þess fallnar að bæta umhverfi og þar með lífsgæði íbúa og eru nú þegar flestar komnar til áðgerða eða á undirbúningsstigi. Við bætast áðgerðir sem ekki er gert skil í áðgerðaráætluninni. Þar sem samgöngur og úrgangsmál veга ríflega 80% af heildarlosun gróðurhúsalofttegunda í Reykjavík þegar allt er talið kemur ekki á óvart að megin áðgerðir borgarinnar er að finna undir þessum málaflokkum en

Bstj. 21. júní 2011

Þessar aðgerðir eru eftirfarandi: bættar hjólaleiðir, aukin metannotkun, endurnýjun bílafloata borgarinnar, þétting byggðar, samvinna við íbúa og hagsmunaaðila, bygging gasgerðarstöðvar og aukin endurvinnsla. Þessum aðgerðum er lýst í orkuáætluninni. Það má nefna að sú aðgerð sem mesta athygli hlaut, að öðrum ólöstuðum, þegar þessi áætlun var kynnt fyrir umhverfis- og samgönguráði, var þétting byggðar, en samkvæmt skýrslunni er talið að sú aðgerð hafi 52% vægi í áætluninni. Þetta kemur sjálfsagt þeim sem hafa talað fyrir þéttingu byggðar ekki mikið á óvart, en þetta er verulega umhugsunarvert fyrir þá sem ekki hafa velt mikið fyrir sér umhverfisáhrifunum af þessari aðgerð.

Sveitarfélög gegna lykilhlutverki hvað varðar loftslagsmál og fjölmörg sveitarfélög eru upplýst um hvernig best er að lágmarka losun gróðurhúsalofttegunda. Með staðbundnum aðgerðum er hægt að ná miklum árangri en megin forsenda þess að árangur náist er samvinna. Með samvinnu sveitarfélaga, ríkis, fyrirtækja og íbúa er hægt að snúa þróun síðustu ára við og minnka losun gróðurhúsalofttegunda. Það er því engin tilviljun að ein af aðgerðum borgarinnar er samvinna við íbúa og aðra hagsmunaaðila. Lausnin er bundin í okkur sjálfum og hvað við gerum hvert og eitt í okkar lífsstíl. Loftslagsmál eru hnattrænt verkefni sem kallar á þátttöku og breytt hugarfar.

Það ræðst af losun gróðurhúsalofttegunda hversu mikið loftslagið hlýnar til loka aldarinnar, en vísindamenn gera ráð fyrir hlýnun frá 1,5°C til 4,5°C til næstu aldamóta. Losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi jókst um 43% milli ára 1990 og 2008. Loftslagssumræðunni hefur vaxið ásmegin síðustu ár og skilningur aukist á því að vernda þurfi náttúru landsins og nýta auðlindir þess með sjálfbærum hætti. Í dag birtu ýmsir fjölmiðlar fréttir af því að samkvæmt skýrslu sem hópur sérfræðinga mun kynna fyrir SP síðar í vikunni er ástand sjávar mun alvarlegra en áður var talið. Einn þeirra þátta sem talinn er hafa veruleg áhrif á þetta ástand eru loftslagsbreytingar. Þannig má sjá að vandamálið sem við er að glíma er víðtækara en aðeins í lofti og á landi.

Virðulegi forseti. Mig langar til að ljúka þessari yfirferð með því að þakka því starfsfólki umhverfis- og samgöngusviðs sem lagði hönd á plóg við orkuáætlun Reykjavíkur og þá sérstaklega Eygerði Margrétardóttur sem hefur borið hitann og þungann af þessari vinnu. Að lokum vil ég óska

Bstj. 21. júní 2011

Reykvíkingum öllum til hamingju með þessa flottu aðgerðaáætlun. Eftir að ég hóf störf hér í borgarstjórn hefur mér stundum fundist ég greina ótta hjá fólki við framtíðina og óöryggi gagnvart henni, en ef okkur tekst að fylgja aðgerðaáætlun eins og þessari þurfum við í það minnsta ekki að óttast framtíð loftslagsins.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Karl Sigurðsson lokið máli sínu. Og næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson.

Bstj. 21. júní 2011

7. mál Orkuaðgerðaáætlun skv. loftslagssáttmála sveitarfélaga, sbr. 15. lið fundargerðar borgarráðs frá 26. maí og 3. lið fundargerðar borgarstjórnar frá 7. s.m.

Gísli Marteinn Baldursson: Virðulegi forseti, ágæta borgarstjórn. Ég vil byrja á því að gera orð formanns umhverfis- og samgönguráðs að mínum og óska Reykvíkum til hamingju með þessa áætlun sem að hér er til samþykktar og tek undir þakkir hans til starfsfólks umhverfis- og samgöngusviðs og þá aðallega Eygerðar Margrétardóttur sem hefur haft veg og vanda að þessari vinnu. En sömuleiðis ætla ég að þakka Hönnu Birnu Kristjánsdóttur borgarfulltrúa fyrir þann kjark sem að hún sýndi þegar að hún var borgarstjóri og skrifaði undir það plagg sem í rauninni liggur til grundvallar þessu sem er loftslagssáttmáli sveitarfélaga, Covenant of Mayors sem var undirritaður í maí árið 2010. Þessi aðgerðaráætlun er hluti af þeirri vinnu, þ.e.a.s. við skuldbindum okkur til þess að gera þessa áætlun og vinnan við það held ég að sé ágætt dæmi um gott samstarf allra flokka og góða samfellu þrátt fyrir að hér hafi orðið meirihlutaskipti í borginni og komin ný borgarstjórn, þá hefur ekki borið neinn skugga á þessa vinnu. Og það var til dæmis í sameiginlegri sátt allra borgarfulltrúa hér að fresta umræðu um þennan lið þangað til núna því að ekki gafst tækifæri til þess að ræða þetta plagg síðast, en það er full ástæða til þess að ræða það hér og svona gera þessu nokkur skil.

Nú, í þessu plaggi eru auðvitað bæði góðar fréttir og aðrar sem að eru ekki alveg jafn jákvæðar, þ.e.a.s. sem er þá bara brýning fyrir okkur öll og ábendingar um það hvar við getum gert betur. Nú góðu fréttirnar eru auðvitað að Reykjavík losar ekkert mjög mikið af gróðurhúsalofttegundum miðað við ýmsar aðrar borgir. Og það er svo sem ekki farið út í þann samanburð nákvæmlega hér, en ef að ég má þá ætla ég bara að nefna nokkrar lykiltölur. Við losuðum, við Reykvíkingar, á árinu 2007 2,6 tonn af koltvísýringsígildum sem að manni finnst mikið þegar það er sagt svona, en er í rauninni mjög lítið á alþjóða mælikvarða. Og jafnvel þó svo að þetta sé einhver tala eða einhver mælieining sem við erum að kasta á milli okkar hér svona í daglegum umræðum í Reykjavík, 2,6 tonn af koltvísýringsígildum, þá geta allir þeir sem hafa áhuga á umhverfismálum verið vissir um það að fréttir af þessu birtast reglulega í heimspressunni. Og þær þjóðir sem reka lestina ef svo má segja í þessum efnum eru ekki að fá góða umfjöllun í heimspressunni hvað þetta

Bstj. 21. júní 2011

varðar. Fáir vilja vera umhverfissóðar heimsins og þær borgir sem lakastan árangur hafa í þessu, þeim er velt upp úr því skulum við segja.

En við sem sagt losum per einstakling 2,6 tonn eða gerðum það árið 2007. Til samanburðar má nefna að Parísarbúar losa 5,2 tonn á mann. Í Osló og Stokkhólmi er þetta svona 3,5-3,6 tonn og svo er þetta til dæmis 21,5 tonn á mann í Denver. En við erum sem sagt í 2,6 tonnum, vorum það árið 2007 sem er árið sem við notum hér til viðmiðunar. En þessi áætlun er auðvitað um framtíðina, um það hversu miklum árangri við ætlum að ná til ársins 2020 og það er auðvitað bara handan við hornið og við ætlum okkur að vera búin að lækka þetta þá niður í 2,1 tonn á mann og það er heilmikill árangur. En ég má þó deila þeirri skoðun minni með borgarstjórn að þó svo okkur hafi þótt þetta fyrir aðeins ári síðan vera rosalega metnaðarfullt markmið, þá finnst mér núna þegar að ég les plaggið að við ættum að geta gengið ennþá lengra og gert ennþá betur.

Og ég tek sem dæmi af því að ég horfi á formann skipulagsráðs að í þessu plaggi gerðum við bara ráð fyrir 75% þéttingu byggðar. En án þess að ég sé að vísa eitthvað of mikið í samtölin í aðalskipulagshópnum að þá finnst mér mjög líklegt að þéttingin verði meiri heldur en það og þétting byggðar skilar mjög áþreifanlegum árangri strax í minnkandi losun gróðurhúslofttegunda per íbúa. Þannig að ég held að við ættum að fara létt með að ná meiri og betri árangri heldur en að við erum að skuldbinda okkur til að ná samkvæmt því sem að hér kemur fram.

Og þá vil ég líka nefna, virðulegi forseti, að borgirnar í kringum okkur hafa þegar ákveðið að ganga ennþá lengra. Kaupmannahöfn hefur til dæmis ákveðið að vera það sem að þeir kalla „Carbone natural“ eða sem sagt að losa engin tonn af gróðurhúsalofttegundum eða þ.e.a.s. að borgin verði gróðurhúsalofttegunda-hlutlaus árið 2025 sem er aðeins 5 árum eftir að þessi áætlun klárast. Og Noregur sem þjóð hefur ákveðið að ná þessum áfanga árið 2030 og Svíþjóð árið 2050. Þannig að þessar þjóðir í kringum okkur eru að setja sér mjög metnaðarfull markmið í þessu sem að við teljum okkur vera að gera líka í þessari áætlun. En ég svona bara vek athygli borgarstjórnar á því. Ég held að við höfum svigrúm til þess að ganga jafnvel ennþá lengra. Og þetta auðvitað kemur hreint ekki í veg fyrir það að við náum hærri einkunn heldur en bara lágmarkseinkunn.

Bstj. 21. júní 2011

Nú, þeir liðir sem hér eru nefndir og sem svona aðgerðaáætlun um það hvar við ætlum að ná þessum árangri eru sjö og Karl Sigurðsson fór ágætlega yfir þessa helstu liði. Ég held að nánast í hverjum einasta slíkum getum við gert betur heldur en við segjum hér. En ég ætla líka að nota þetta tækifæri, ágæta borgarstjórn, til þess að brýna meirihlutann og taka það alvarlega og taka því á besta veg að við erum sumpart þegar aðeins farin að dragast aftur úr, þ.e.a.s. samkvæmt þessu var talið öruggt að við mundum samþykkja nýtt aðalskipulag á árinu 2011 við verðum að reyna að ná því. Samkvæmt þessu átti uppbygging hjólastíganetsins að vera byrjuð á fullu nú í sumar en það hefur dregist. Og það væri hægt að telja áfram. Ég meina, það eru nokkur mál sem að við kannski út af kreppunni, kannski út af meirihlutaskiptum, kannski út af einhverju öðru, gætum svona lagst svona aðeins fastar á árarar.

Og ég held að við eigum að gera það og við eigum að nýta okkur þá samstöðu sem er í þessum málaflokki til þess að við gerum það. Vegna þess að þetta eru viðkvæm mál. Það er ekki kostnaðarlaust að fá fólk til þess að keyra færri kílómetra per mann eftir 10 ár heldur en menn gera núna. Það er ekki aðgerð sem er vinsæl meðal allra borgarbúa. En ég segi það minnihlutum borgarstjórnar til hróss, bæði þeim minnihluta sem var á síðasta kjörtímabili og þeim sem að er núna, að hér eru menn ekki að reyna að skora einföld pólitísk stig eða slá einfaldar pólitískar keilur með því að reyna einhvern veginn að gera út á þá hugsanlegu óánægju, heldur er um þetta fyrirmyndar samstaða hér og við eigum að nýta okkur það. Og ég beini því auðvitað til meirihlutans kannski fyrst og fremst, af því að þau sitja jú við stýrið, að við reynum að vera drjúg á árunum þegar að til okkar er leitað og ef við mögulega getum.

Ég ætla ekki að hafa þetta lengra, ágæti forseti. Ég vil bara taka undir og þakka Karli Sigurðssyni formanni umhverfis- og samgönguráðs fyrir hans ágæta inngangserindi og tek undir hvert orð í því og vona að þetta plagg verði svona fyrsta skrefið í því að þessi ágæti loftslagssáttmáli sveitarfélaga verði Reykjavík til sóma og svona hvetji okkur til góðra verka.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson lokið máli sínu. Forseti vill vekja athygli á því að borgarfulltrúi Hildur Sverrisdóttir fulltrúi sjálfstæðismanna er nú sest inn á sinn fyrsta fund borgarstjórnar. Við viljum bjóða

Bstj. 21. júní 2011

hana hjartanlega velkomna. Næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Þorleifur
Gunnlaugsson.

7. mál Orkuaðgerðaáætlun skv. loftslagssáttmála sveitarfélaga, sbr. 15. lið fundargerðar borgarráðs frá 26. maí og 3. lið fundargerðar borgarstjórnar frá 7. s.m.

Þorleifur Gunnlaugsson: Já, ég tek undir það, velkomin, borgarfulltrúi Hildur Sverrisdóttir. Það er sem betur fer oftar en ekki að við erum sammála hér í sölum borgarstjórnar og í umhverfis- og samgönguráði um málefni umhverfismála. Og ég kem hér upp fyrst og fremst til að fagna þeirri tillögu sem að hér liggur frammi um leið og ég þakka starfsfólki umhverfis- og samgöngusviðs fyrir að standa vaktina. Það hafa þau svo sannarlega gert. Það er náttúrulega svo og það hefur verið komið inn á það hér að það getur kannski talist til heppni að í borginni okkar skuli allar byggingar og götulýsingar vera búnar vistvænni orku og það sé ekki um neina losun gróðurhúsalofttegunda frá þeim. Og það er náttúrulega ástæðan fyrir því að Ísland fékk undanþágu frá því að innleið tilskipun Evrópusambandsins sem fjallar um orkunýtingu bygginga á þeim forsendum að innleiðing hennar mundi ekki leiða til meiri orkunýtni á Íslandi, þar sem 99% alls rafmagns og 98% alls hita kemur frá endurnýjanlegum orkugjöfum.

Þetta er náttúrulega áskorun þar sem stærsti hluti orkunnar fer í byggingar og til götulýsinga en þar getum við því litlu breytt er varðar þetta verkefni sem við fjöllum um í dag. Mesti hluti í hita og rafmagnsnotkun bygginga og götulýsinga eða um 13.162 þúsund megawattsstundir sem er tæp 77% af heildarnotkuninni. Losun gróðurhúsalofttegunda er því engin í þeim geira, svo ég vitni nú í skýrsluna.

Eins og fram kemur í tillögunni er okkar vígvöllur samgöngur, þ.e.a.s. bílaumferðin og úrgangsmál. Þar liggja tækifærin fyrst og fremst. Í skýrslunni segir, með leyfi forseta: „Samgöngur voru einungis um 23% af notkuninni eða 947 þúsund megavatts stundir og losunarbókhaldið inniber losun gróðurhúsalofttegunda fyrir samgöngur og meðhöndlun úrgangs. Þar segir að langstærsti hlutinn sé upprunninn frá samgöngum eða 76% og heildarlosun gróðurhúsalofttegunda, en restin var upprunnin af urðun úrgangs. Eins og fram hefur komið í skýrslunni er gerð grein fyrir sjö aðgerðum til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda í Reykjavík og að árið 2020 er gert ráð fyrir að hver íbúi losi um það bil 2,1 þúsund tonn í stað 2,6 þúsund tonna árið 2007 sem er upphafsárið af bókhaldi okkar. Losunin mun því dragast saman og fara úr 307

Bstj. 21. júní 2011

Þúsund tonnum árið 2007 í 267 tonn árið 2020 þrátt fyrir þá fólksfjölgun sem að reiknað er með.

Umhverfis- og samgöngusvið. Það kemur fram í tillögunni að umhverfis- og samgöngusvið mun á tveggja ára fresti vinna að framvinduskýrslu um framgang áætlunarinnar fyrir loftslagssáttmála sveitarfélaga og við kjörnir fulltrúar verða að vera vel á vaktinni hvað þessi mál varðar. Aðgerðirnar eru fólgnar í þessum sjö þáttum: Hjólastíganet, aukin metannotkun, endurnýjun bílaflotans, þétting byggðar, samvinna við íbúa og hagsmunaaðila, gasgerðarstöð og aukin endurvinnsla.

Það hefur verið farið ágætlega yfir þessa þætti hér. Borgarfulltrúi Karl Sigurðsson og borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson hafa farið yfir þessi mál og ég þakka þeim vel fyrir og er þeim sammála í þeirra túlkun. Og ég ætla svo sem ekki að endurtaka mikið það meira það sem að hefur verið sagt hér. En mig langar til að staldra við tvo þætti sem að mér eru hugleiknir varðandi losun gróðurhúsalofttegunda. Það er gasgerðarstöðin sem er áætluð og losun gróðurhúsalofttegunda frá höfnum borgarinnar. Í áætlun Sorpu bs. er gert ráð fyrir því að reisa grasgerðarstöð árið 2014. Miðað við það hvað þessi stöð hefur verið lengi í umræðunni eða allavega síðan ég var formaður umhverfisráðs í lok árs 2007 þykir mér þetta ganga ansi seint.

Eftir hrunið var öllum ljóst hversu mikilvægt það væri að nýta þá orku sem fyrirfinnanleg væri á Íslandi og með hækkun olíuverð verður það æ hagkvæmara að nýta til fullnustu þá hauga sem að lífrænn úrgangur gefur. Auk þess sem að beislun haug gassins er mikilvæg minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda eins og kemur fram í skýrslunni. Borgin mun leggja aukna áherslu og hefur lagt aukna áherslu á að eigin farartæki verði knúin áfram með öðrum orkugjöfum en jarðefnaeldsneyti og í því skyni hefur til að mynda verið ákveðið að styrkja Strætó bs. til að kaupa vagna sem knúnir eru af metani. Vel má vera að sá dráttur sem orðið hefur á byggingu gasgerðarstöðvarinnar skýrist að einhverju leyti af því að Sorpa bs. hefur ekki fengið lóð sem að hún hefur falast eftir og ætluð er meðal annars undir þessa stöð, en ég vil nota þetta tækifæri til þess að hvetja þá sem að málinu koma að leysa það mál. Því ég veit að það mál hefur líka verið í umræðunni síðan 2007, allavega síðan þá. Lóðin fyrir Sorpu sem á að fara undir

Bstj. 21. júní 2011

þessa stöð meðal annars. Og ég vil hvetja alla hlutaðeigandi til að leysa það mál hið snarasta og til að stuðla að því að gasgerðarstöðin komi sem allra fyrst. Ég hef skoðað svona gasgerðarstöðvar og þetta eru ákaflega einfaldar byggingar og tækin sem eru notuð í þessa vinnu eru vinnutæki sem til eru hér á Íslandi og mætti nýta. Þannig að ég hvet okkur öll eindregið til að gera allt sem að hægt er til að gasgerðarstöðin komi sem allra fyrst og helst bara á næsta ári.

Annað sem ég vil nefna er losun gróðurhúsalofttegunda í höfnum borgarinnar. En það er nokkuð um það að togarar, þó nokkrir togarar og minni bátar – minni en togarar, fái tengingu við rafmagn í höfnum Reykjavíkurborgar, Reykjavíkurhöfn og Sundahöfn. Og það hefur náttúrulega þá kosti að hávaðamengun jafnt sem losun gróðurhúsalofttegunda er minni en ella í reykvískum höfnum. Fraktskip, skemmtiferðaskip og önnur stærri skip sem og nokkur hluti minni skipa og báta keyra hins vegar ljósavélar sínar ennþá á díselolíu. Og á fundi umhverfis- og samgönguráðs í dag fékk ég samþykka tillögu um að umhverfis- og samgöngusviði verði falið að meta kosti þess að skylda skip og báta til að tengjast rafmagni í reykvískum höfnum í stað þess að keyra ljósavélar á olíu. Þessi tillaga var samþykkt í umhverfis- og samgönguráði núna í hádeginu. Sviðinu er um leið falið að meta losun gróðurhúsalofttegunda frá skipum og bátum í höfnum borgarinnar og leita umsagnar Faxaflóahafna og Orkuveitunnar um þessa tillögu, og möguleika á því að tengja skip og báta við rafmagn. Og á sama tíma verður að sjálfsögðu leitað umsagnar borgarlögmans um lagalegu hlið þessa máls þ.e. hugsanlega að skylda skip og báta til að tengjast rafmagni í stað þess að keyra ljósavélar á díselolíu.

Ég hef aflað mér upplýsinga um það að Faxaflóahafnir eru að vinna að gerð umhverfisstefnu og þeir sem að þar sitja við stjórnvölinn gera það vafalaust, ef ég þekki þá rétt, á metnaðarfullan hátt, og þannig að væntanlega er hægt að fá upplýsingar um þessa tillögu þaðan fljótlega. Og ég veit að Orkuveitan hefur verið að skoða þessi mál líka og þá sérstaklega stærri bátana og fraktskipin og þá með tilliti til toppanna. Mér skilst að það þyrfti að setja einhverjar sérstakar spennistöðvar upp á höfninni fyrir stóru skemmtiferðaskipin allavega. En mér er sagt að þau noti orku bara þegar að þau liggja í höfninni á við meðal bæjarfélag á stærð við Akranes. Ennfremur var mér sagt á fundi umhverfis- og samgönguráðs

Bstj. 21. júní 2011

að fyrirliggi upplýsingar um losun gróðurhúsalofttegunda í höfnum. Ég á eftir að kynna mér það betur þannig að það ætti að vera fljótlegt að afla upplýsinga sem að gætu nýst okkur í áframhaldandi tillögugerð. Ég hafði líka samband við hafnarstjóra og mér er sagt það að það séu tengingar og leiðslulagnir á hafnarsvæðinu fyrir minni báta og skip og upp í stærri togarana, sem að eru vannýtt.

En ég vil enn og aftur þakka starfsfólki umhverfis- og samgöngusviðs fyrir frábæra vinnu um leið og ég ítreka að lokum málflutning Vinstri grænna um stórauðnar almenningssamgöngur á kostnað einkabílsins og umhverfisvæna meðhöndlun úrgangs með áherslu á flokkun, nýtingu, verðmæta, gas- og moltugerð. Og ég tek undir með borgarfulltrúa Gísla Marteini Baldurssyni að þetta er góð áætlun sem hér liggur frammi, en við ættum að geta gert betur og við skulum stefna að því.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson lokið máli sínu. Næstur tekur til máls borgarstjóri.

Bstj. 21. júní 2011

7. mál Orkuaðgerðaáætlun skv. loftslagssáttmála sveitarfélaga, sbr. 15. lið fundargerðar borgarráðs frá 26. maí og 3. lið fundargerðar borgarstjórnar frá 7. s.m.

Borgarstjóri Jón Gnarr: Frú forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég fagna því að fyrir skuli liggja hér þessi aðgerðaráætlun. Ég verð þó að viðurkenna að ég hef ekki náð að kynna mér hana nægilega vel, en við höfum alla burði til þess að verða grænasta og hreinasta borg í heimi og margur ávinningur í því. Nú hefur Reykjavík svona töluvert ferskara andrúmsloft heldur en margar erlendar borgir og fólki hættir mjög gjarnan til þess að finnast svona hlutir kannski ekki skipta mjög miklu máli af því að miðað við aðra að þá séum við í það góðum málum að þetta sé ekki svona alvarlegt vandamál eins og víða annars staðar. En ég tel að í þessu felist gífurlega mörg tækifæri. Ekki bara í því að verða hreinni og grænni borg heldur felast í þessu líka tækifæri svona varðandi ímynd Reykjavíkur og gildi þess skyldi maður ekki vanmeta. Og svo hreinn og klár fjárhagslegur hagur. Með því að auka metan framleiðslu og verslun og viðskipti með metan sem framleitt er hér í borginni að þá erum við líka að spara í bensínkaupum og við erum að auka sjálfstæði okkar og er það af hinu góða. Ég ætla ekki að hafa orð mín fleiri hér í bili. Þakka fyrir mig.

Forseti: Þá hefur borgarstjóri lokið máli sínu. Þá ber forseti upp tillögu orkuaðgerðaáætlun samkvæmt loftslagssáttmála sveitarfélaga. Og vil ég biðja þá borgarfulltrúa sem eru ekki í sal um að koma inn í sal borgarstjórnar. [forseti hringir bjöllu] Þeir borgarfulltrúar sem samþykkja tillöguna gefi merki. Einhverjir á móti. Tillagan telst því samþykkt samhljóma. Fleiri hafa ekki beðið um orðið undir þessum lið og er honum lokið. Forseti vill gera stutt matarhlé í hálf tíma og byrjum við aftur stundvíslega klukkan 18:55.